

L Ö G**61**

23. júní

um afnám laga um samþykktir um herpinótaveiði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 56 10. nóv. 1913, um samþykktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði, og lög nr. 85 14. nóv. 1917, um samþykktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G**62**

23. júní

um breyting á og viðauka við lög nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „5%“ í lagagreininni komi: 8%.

62

23. júní

2. gr.

Á eftir lagagr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Ógreiddar eftirstöðvar af kaupverði prestsmötukvaða, sem keyptar hafa verið samkvæmt eldri lagafyrirmælum, skulu lækkaðar í samræmi við ákvæði 1. gr. og afborganir færðar niður að sama skapi fyrir þau ár, sem eftir eru greiðslutímans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

63

23. júní

L Ö G

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem ekki voru afmáðar veðskuldbindingar úr veðmálabókum samkvæmt lögum nr. 20 1933, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málgr., skal þó ekki taka þau fasteigna-veðsbréf, er standa skulu um aldur og æfi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréanna fyrirsögn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar,